

FUNDARGERÐ 441. FUNDAR STJÓRNAR SORPU

Stjórnarfundur SORPU bs., kt. 510588-1189, miðvikudaginn 16. desember 2020. Fundurinn er settur klukkan 11:42. Fundurinn er haldinn á Gylfaflöt 5, 112 Reykjavík.

Fundarstjóri: Líf Magneudóttir stjórnarformaður, fundarritari: Gunnar Dofri Ólafsson.

Mætt: Ágúst Bjarni Garðarsson, Bjarni Torfi Álfþórsson, Birkir Jón Jónsson (með fjarfundarbúnaði), Jóna Sæmundsdóttir, Kolbrún Þorsteinsdóttir og Líf Magneudóttir. Helgi Þór Ingason framkvæmdastjóri, Guðrún Eva Jóhannesdóttir fjármálastjóri og Gunnar Dofri Ólafsson, sérfræðingur í samskiptum og samfélagsvirkni.

Gestir: Haraldur Flosi Tryggvason lögmaður, ráðgjafi stjórnar og framkvæmdastjóra, Guðmundur Tryggvi Ólafsson, rekstrarstjóri endurvinnslustöðva SORPU undir lið 4 og Páll Guðjónsson ráðgjafi undir lið 3.

Ágúst Bjarni vikur af fundi klukkan 13:04 eftir umræður um lið 3.

Tekið fyrir

1. Staða og horfur í rekstri og fjárfestingum

Framkvæmdastjóri og fjármálastjóri gera grein fyrir stöðu rekstrar og fjárfestinga fyrstu 10 mánuði ársins. Málið rætt.

2. Minnisblað um stöðuna í uppkeyrslu móttöku- og flokkunarstöðvar og GAJA

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir minnisblaði um stöðu uppkeyrslu í móttöku- og flokkunarstöð og GAJU. Staðan rædd.

3. Stöðuskýrsla verkefnisstjóra vegna heildarlausnar úrgangsmála á höfuðborgarsvæðinu pr. 30. nóvember

Páll Guðjónsson ráðgjafi, gerir grein fyrir stöðuskýrslu verkefnisstjóra vegna heildarlausnar úrgangsmála á höfuðborgarsvæðinu. Skýrslan rædd.

4. Útboð á gámaleigu og flutningi fyrir endurvinnslustöðvarnar og Góða hirðinn

Framkvæmdastjóri og rekstrarstjóri endurvinnslustöðva kynna minnisblað frá rekstrarstjóra endurvinnslustöðva um undirbúning útboðs á gámaleigu og flutningi fyrir endurvinnslustöðvar og Góða hirðinn. Útboðið er í höndum innkaupasérfræðings samlagsins og innkaupadeildar Reykjavíkurborgar. Málið rætt og framkvæmdastjóra falið að vinna áfram málin eins og fram kemur í minnisblaði um útboðið.

5. Fyrirspurn frá SSH um rekstrarfyrirkomulag endurvinnslustöðva

Móttaka fyrirspurnarinnar kynnt. Stjórn felur framkvæmdastjóra að svara henni.

6. Áhættustefna SORPU bs.

Dagskrárlið frestað.

7. Frá Góða hirðinum, netverslun og tillaga um framlengingu tilraunaverkefnis á Hverfisgötu

Framkvæmdastjóri kynnir minnisblað um netverslun Góða hirðisins og útibú Góða hirðisins við Hverfisgötu. Stjórn felur framkvæmdastjóra að bregðast við í samræmi við tillögur rekstrarstjóra Góða hirðisins í minnisblaðinu.

8. Önnur mál

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir stöðu samstarfs SORPU og Ýmir technologies.

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir minnisblaði rekstrarstjóra endurvinnslustöðva um að opna útibú Efnismiðlunar Góða hirðisins á Breiðhelli.

9. Ráðningarkjör framkvæmdastjóra

Haraldur Flosi gerir grein fyrir samantekt um ákvörðun ráðningarkjara framkvæmdastjóra SORPU bs. Samantektin rædd og formanni stjórnar falið að ganga til samninga við Jón Viggó Gunnarsson, kennitala 011069-5339 í samræmi við þau kjör sem gert er grein fyrir í samantektinni. Framkvæmdastjóri skal njóta sambærilegra lífeyrisréttinda og starfsmenn sveitarfélaga.

10. Næsti fundur

Næsti fundur stjórnar verður haldinn í samræmi við fundaáætlun stjórnar.

Fleira var ekki gert og fundi slitið klukkan 14:06.